

Upplýsingar um vinnuslys/rafmagnsslys, skráningu þeirra og miðlun

SAMORKA, Borgarnesi 29 maí 2015



Rafmagnsslys


- Nokkur alvarleg rafmagnsslys hafa orðið hér á landi á undanförnum árum.
- Dauðaslys hafa orðið bæði á fagmönnum og leikmönnum.
- Skráningu rafmagnsslysa er ábótavant.
- Rannsókn rafmagnsslysa er ábótavant.
- Enginn sérfróður aðili er til að rannsaka rafmagnsslys.
- Miðlun upplýsinga um niðurstöður rannsókna rafmagnsslysa er ábótavant.

Hvaða vinnuslys á að tilkynna RARIK Vinnueftirlitinu?

- Atvinnurekandi skal tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð.
- Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.
- Atvinnurekandi skal svo innan viku tilkynna um slysið til Vinnueftirlitsins á þar til gerðu eyðublaði.

Slysa og óhappapíramíðinn

Slysa- og óhappapíramíðinn



Kostnaðarísjakinn



Óbeinn kostnaður vegna slysa er 3 – 7 sinnum
meiri en beinn kostnaður af þeim.

Skráning vinnuslysa, óhappa og næstum slysa

- Auk þess að halda skrá um tilkynningarskyld vinnuslys skal atvinnurekandi einnig halda skrá um smáslys s.s. rispur.
- Þá skal hann skrá óhöpp sem valda eignatjóni eða rekstrartruflunum. Einnig skal halda skrá um næstum slys.
- **Skráning slysa, óhappa og næstum slysa er grundvöllur þess að koma í veg fyrir frekari óhöpp og alvarleg slys.**
- **Skrána á að nota í innra vinnuverndarstarfi fyrirtækja. Það á ekki að tilkynna smáslys, óhöpp og næstum slys til Vinnueftirlitsins.**

Af hverju er mikilvægt að tilkynna

- Vinnueftirlitið heldur skrá um tilkynningarskyld vinnuslys og rannsakar orsakir vinnuslysa til að koma í veg fyrir að slys endurtaki sig.
- Grundvöllur þess að Vinnueftirlitið bregðist við er að atvinnurekendur tilkynni vinnuslys samviskusamlega.
- Varðandi rafmagnsslys þá er veruleg hættu á að síðbúnir áverkar komi fram jafnvel vikum, mánuðum og misserum seinna.
- Ef sá sem verður fyrir alvarlegu rafmagnsslysi þarf einhverra hluta vegna að leita réttar síns síðar þá er nauðsynlegt að hafa aðgang að öruggri skráningu helstu þátta ásamt ljósmyndum.

Hvernig og hverjum skal tilkynna um rafmagnsslys?



- Veita aðstoð, verjast frekari áföllum
- Hringja í 112, fá þar leiðbeiningar um viðbrögð. Kalla eftir aðstoð sjúkraliða og lögreglu. Koma upplýsingum til heilbrigðisstarfsfólks með sjúkraliðum. Helst að vinnufélagi fari með.
- Tilkynna til aðstandenda.
- Tilkynna til MVS.
- Tilkynna til VER.
- Tilkynna til vinnuveitanda.

Miðlun upplýsinga um slys ætti ef til vill að vera svona?

- Veita aðstoð, verjast frekari áföllum.
- Hringja í 112 og upplýsa um slysið og fá aðstoð ef þörf er á.
- 112 hefur samband við eftirtalda eftir eðli máls
 - Sjúkrabíl
 - Lögreglu
 - MVS
 - VER
 - Fyrirtæki starfsmanns sem hefur samband við aðstandendur.

Rannsókn rafmagnsslysa

- Faggiltar skoðunarstofur eru þeir sem hugsanlega eru bestir í að rannsaka rafmagnsslys.
- Óheppilegt er að innanhúss menn sjái um rannsókn í eigin fyrirtæki.
- Viðkomandi eru oft of tengdir fyrirtækinu, hafa jafnvel skrifað VR og VL fyrir starfið þar sem slysið varð.
- Til að koma í veg fyrir að slys endurtaki sig er mikil þörf á að miðla sem skjótast niðurstöðu rannsóknar slyssins. **Hver?**
- Það sem hefur gerst gerist aftur nema menn greini hættuna og orsakir slyssins.
- „Það sem ekki hefur gerst gerist ef menn gæta ekki að aðstæðum“

Kastljósið beinist að ...

KASTLJÓSIÐ BEINIST AÐ:

Tengingarvinnu:

Af gefnu tilefni er vakin athygli á að margar hættur eru við vinnu undir spennu. Ekki er gert ráð fyrir því að menn vinni tengivinnu undir spennu en til þess getur komið í undantekningartilfellum að menn vinni nærri spennuhafa virkjum. Ef til þess þarf að koma er nauðsynlegt að menn búi sig vel til þeirra hluta með persónuhlífum eftir aðstæðum hverju sinni;

**einangrandi mottu,
eldtefjandi hyljandi fatnaði,
hönskum,
andlitshlíf,
hjálmi
og til þess gerðum verkfærum.**

Auk þess er bent á að mjög óheppilegt er að bera hringa og arbandsúr með málmkeðjum ef ljósbogi myndast vegna skammhlaups eða jarðhlaups. Dæmi um áverka sem geta hlotist af við ljósboga eru brunasár vegna ljósbogans og einnig brunasár vegna hitans sem málmar draga í sig eins og t.d. hringar og málmkeðjur arbandsúra.

Leggið til hliðar allan slíkan búnað í vinnunni.

Afleiðingar rafmagnsslyss

Í þessu sambandi er vert að skoða meðfylgjandi ljósmynd af áverka á úlnlið, brunasár, sem varð vegna hita við ljósboga sem varð vegna jarðhlaups. Viðkomandi bar armbandsúr með málmkeðju.



Komum heil heim að kveldi!

